



**Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands**

OPINBER HEIMSÓKN TIL RÚMENÍU

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson mun á morgun þriðjudaginn 18. september halda í opinbera heimsókn til Rúmeníu. Heimsóknin stendur dagana 19.-20. september og er þetta er í fyrsta skipti sem forseti Íslands fer í opinbera heimsókn til Rúmeníu. Á undanförunum árum hafa myndast allmikil tengsl milli landanna og viðskipti þeirra farið vaxandi.

Í fylgd með forseta verða Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra og embættismenn frá utanríkisráðuneyti, viðskiptaráðuneyti og skrifstofu forseta. Einnig fylgir forseta í ferðinni til Rúmeníu fjölmenn viðskiptasendinefnd skipuð fulltrúum um 25 fyrirtækja og hefur Útflutningsráð annast skipulagningu ferðar hennar.

Á fyrra degi heimsóknarinnar mun forseti eiga fund með Traian Băsescu forseta Rúmeníu og vera viðstaddur undirritun viljayfirlýsingar af hálfu Búkarestborgar vegna verkefnis sem er hluti af baráttu gegn fíkniefnavá í evrópskum borgum. Reykjavíkurborg og íslenskir vísindamenn hafa forystu um það verkefni.

Þá mun forseti hitta að máli forseta beggja þingdeilda rúmenska þingsins, leggja blómsveig að gröf óþekkta hermansins, vera viðstaddur opnun skrifstofu fyrir íslensk fyrirtæki og sitja hátíðarkvöldverð í boði forseta Rúmeníu.

Á síðara degi heimsóknarinnar á forseti fund með Călin Popescu Tăriceanu forsætisráðherra landsins, opnar viðskiptaráðstefnu þar sem fjallað verður um viðskipti Íslands og Rúmeníu og sækir atburði og fundi á vegum íslensku fyrirtækjanna sem eru þátttakendur í ferðinni.

Hluti viðskiptaþingsins 20. september er helgaður orkumálum og hugsanlegu samstarfi þjóðanna á því sviði. Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra mun flytja opnunarræðuna á því umræðuþingi. Þar munu einnig taka til máls fulltrúar íslenskra og rúmenskra fyrirtækja og stofnana á sviði endurnýjanlegra orkugjafa.

Heimsókninni lýkur að kvöldi 20. september.

17. september 2007

Nánari upplýsingar veita Örnólfur Thorsson forsetaritari (896-3028), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820-4946) og skrifstofa forseta Íslands (540-4400). Upplýsingar varðandi viðskiptasendinefndina veita Guðjón Svansson (824-4470) og Þorleifur Þór Jónsson (824-4384) hjá Útflutningsráði (511-4000).